

L Ö G

65

7. maí

um breyting á lögum nr. 45 frá 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, og á lögum nr. 26 frá 12. febrúar 1940, um breyting á þeim lögum.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

a. 8. gr. laganna skal orða svo:

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið um möskvastærð dragnóta og lengd dráttarlína, svo og um lágmarksstærð þess fisks, sem veiddur er í dragnót og fluttur í land eða haldið um borð í skipi.

b. Á eftir 8. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi:

Brot gegn ákvæðum laga þessara eða reglugerða, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, sem eigi eru refsingar lagðar við í 3. og 4. gr. laganna, varða sektum frá 100—5000 kr.

Greinatala laganna breytist samkvæmt þessu.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

66

7. maí

um stríðsslysatryggingu sjómanna.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Skylt skal að tryggja þá sjómenn, sem slysatryggðir eru samkvæmt 8. gr. 1. málsg. tölul. 1. a. laga nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar, fyrir slysum af völdum ófriðar. Tryggingin nær til þeirra skipa, sem sigla á svæðum, er félagsmálaráðherra ákveður á hverjum tíma með reglugerð.

2. gr.

Atvinnurekendum og öðrum þeim, er bera ábyrgð á því, að þeir séu tryggðir, sem tryggingarskyldir eru samkvæmt lögum nr. 74 31. des. 1937, skal skylt, auk hinnar lögboðnu tryggingar samkvæmt áður nefndum lögum, að kaupa sérstaka stríðstryggingu hjá stríðstryggingafélagi íslenskra skipshafna fyrir skipshafnir þær, sem sigla á svæðum þeim, sem ákveðin hafa verið samkvæmt 1. gr.

66

7. maí

3. gr.

- Bætur fyrir slys af völdum ófriðar skal greiða samkvæmt eftirfarandi reglum:
- Auk þeirra dagpeninga, sem ákveðnir eru í 10. gr. laga nr. 74 31. des. 1937, skal greiða hinum slasaða 10 krónur á dag frá því slysið vildi til í allt að 52 vikur samtals.
 - Auk þeirra örorkubóta, sem ákveðnar eru í 10. gr. fyrrnefndra laga, skal greiða kr. 22000.00 fyrir fulla örorku og hlutfallslega lægra fyrir minni örorku. Örorkubætur greiðast ekki fyrir minni örorku en 5%. Örorkubætur má greiða sem árlegan lífeyri, ef örorkan er metin 50% eða meiri.
 - Auk þeirra dánarbóta, sem ákveðnar eru í 11. gr. fyrrnefndra laga, greiðast dánarbætur samkvæmt eftirfylgjandi töflu:

	Ekkja (ekkill)	Börn innan 16 ára	Foreldrar	Samt.
Ekkja (ekkill)	12000	„	„	12000
— með 1 barn	12000	5000	„	17000
— með 2 börn eða fleiri	12000	9000	„	21000
— og foreldri(ar)	12000	„	9000	21000
— foreldri og 1 barn	12000	5000	4000	21000
— foreldri og 2 börn eða fleiri	12000	6000	3000	21000
— foreldrar og 1 barn	12000	3000	6000	21000
— foreldrar og 2 börn eða fleiri	12000	5000	4000	21000
1 barn	„	12000	„	12000
2 börn	„	17000	„	17000
3 börn eða fleiri	„	21000	„	21000
1 barn og foreldri(ar)	„	12000	9000	21000
2 börn eða fleiri og foreldri(ar)	„	17000	4000	21000
Foreldri(ar)	„	„	12000	12000

Börn hljóta því aðeins bætur, að þau hafi verið á framfæri hins látna, eða ef þau falla undir ákvæði næstu málsgreinar. Fósturbörn hafa sama rétt til bóta og börn.

Ef hinn látni eftirlætur sér engan af framantöldum vandamönnum eða erfingjum, greiðist erfingjum hans eða dánarbúi kr. 12000.00 samtals.

4. gr.

Að öðru leyti fer eftir reglum laga og reglugerðar um stríðstryggingafélag íslenskra skipshafna.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson.

Jakob Möller.

Ólafur Thors.

Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.